

**37. fundur Skipulags, bygginga, umhverfis og samgöngunefndar haldinn  
Fundarsalur Álftavers,  
Miðvikudaginn 6. desember 2023, kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Anna Lind Ragnarsdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, Valgeir Scott, Bragi Þór Thoroddsen og Jóhann Birkir Helgason.

**Fundargerð ritaði: Jóhann Birkir Helgason, .**

Hulda Gunnarsdóttir vék af fundi

**1. Undanþága vegna stöðuleyfi fyrir dósagám - 2312003**

Tekið fyrir erindi frá Slysavarnardeild Súðavíkurherpps dags. 1. desember 2023 er varðar undanþágu fyrir staðsetningu dósagáms við Langeyrarveg 7.

*Skipulags-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir stöðuleyfi fyrir dósagám við gafli hússins við Langeyrarveg 7 með hliðsjón af þeirri starfsemi sem fram fer í húsinu.*

*Samþykkt*

**2. Beiðni um leyfi til jarðsvegsframkvæmda við Langeyrarveg 7 - 2308002**

Tekið fyrir erindi frá Björgunarsveitarinni Kofra þar sem sótt er um leyfi til jarðvegaframkvæmda við norðurenda hússins við Langeyrarveg 7.

*Skipulags-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir erindið en bendir á að ekki verði fyllt í svæðið umfram 5 m frá gafli hússins né hróflað við svæði utan þess.*

*Jafna skal fláa og sá í svæðið.*

*Akstur umhverfis húsið er bannaður.*

*Samþykkt*

Hulda Gunnarsdóttir kemur inn á fundinn

**3. Framkvæmdaleyfi vegna skógræktar á Eyri í Seyðisfirði - 2312002**

Tekið fyrir erindi ódagsett er varðar fyrirhugaða skógrækt á 24,9 ha svæði á lögbýlinu Eyri í Seyðisfirði.

*Skipulags-, bygginga- umhverfis- og samgöngunefnd óskar eftir umsögnum frá Minjastofnun og Vegagerðarinnar.*

*Samþykkt*

**4. Byggingarleyfi, viðbygging við saltvatnstank - 2311005**

Tekið fyrir erindi frá Manúsi Frey Gíslasyni, arkitekt dags. 30.11.2023 er varðar byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við saltvatnstank.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**5. Samstarfsverkefni- heitt vatn - 2308007**

Tekið fyrir erindi frá Bláma dags. 5.12.2023 er varðar stöðuleyfi fyrir gám ofan við Langeyrarveg 3b fyrir túrbínu og segulhitara.

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd samþykkir stöðuleyfi fyrir gám ofan við Langeyrarveg 3. Staðsetning skal valin í samráði við byggingarfulltrúa.*

*Samþykkt*

**6. Aðal- og deiliskipulag í Mjólka, Ísafjarðarbæ - 2312005**


Erindi frá Ísafjarðarbæ er varðar umsögn um aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagsbreytingar fyrir Mjólka, Unnin af Verkís dags. 20. október 2023

*Skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd gerir ekki athugasemd við erindin.*

Fundi slitið kl. 18:00.

  
Anna Lind Ragnarsdóttir

  
Hulda Gunnarsdóttir

  
Valgeir Scott

  
Bragi Þór Thoroddsen

\_\_\_\_\_  
Jóhann Birkir Helgason